

Umhverfis og auðlindaráðuneyti  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík  
(sent rafrænt postur@uar.is)

*Umsögn drög að frumvarpi um skipulag haf- og strandsvæða.*

Vísað er til auglýsingar á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 23. nóvember 2016, þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Nýting strandsvæðisins við Ísland tekur nú hröðum breytingum og mjög hröðum breytingum á þeim svæðum t.d. þar sem heimil er eldi laxfiska í sjó, aukin áform á nýtingu þangs og þara og kalkþörungs. Finna þarf nýjum atvinnugreinum rými án þess að ganga um of á hagsmuni sem stunda hefðbundnar nýttjar á strandsvæðinu. Verndun umhverfis og hagar samfélaga af þessari þróun eru síðan jafngild í þessari umræðu. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur því áherslu á mikilvægi þess að sett verði lög um haf og strandsvæðaskipulag við Ísland.

Fjórðungssamband Vestfirðinga styður þannig þau markmið frumvarpsins um að fylgja markmiðum þingsályktunar um landsskiplagsstefnu 2015-2026 þar sem gert er ráð fyrir að skipulag á haf- og strandsvæðum veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Einnig þar sem lagt er til að heildarstefna um skipulag haf- og strandsvæða verði mótuð í landsskiplagsstefnu og þar verði einnig lagður grundvöllur að gerð strandsvæðisskipulags á nánar tilgreindum svæðum hverju sinni.

*Lögsögumörk sveitarfélaga til hafsins.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga og sveitarfélög á Vestfjörðum hafa stutt stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að lögsaga sveitarfélaga til hafsins verði færð út sem nemur einni sjómílu frá grunnlínupunkti.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á núverandi lögsögumörkum en gert er ráð fyrir að ráðherra skipi svæðisráð sem beri ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags á viðkomandi strandsvæði. Í svæðisráðinu verði fulltrúar viðkomandi ráðherra í meirihluta og einnig fulltrúar frá aðliggjandi sveitarfélögum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun annist faglega gerð skipulagsins í umboði svæðisráða og hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Þá er lagt til að ráðgjafarnefnd fagstofnana verði svæðisráðum og Skipulagsstofnun til ráðgjafar og leggi fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við strandsvæðisskipulag. Í frumvarpinu er einnig lagt til að Skipulagsstofnun haldi skrá yfir útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum til að heildarsýn náist yfir leyfisskylda starfsemi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga fellst á þessa tilhögun skipulagsvinnu til reynslu og leggur þar til grundvallar mikilvægi þess, að skipulag strandsvæða fari eins hratt af stað og nokkur kostur er. En samtímis telur Fjórðungssambandið að þessi skipan mála eigi að koma til endurskoðunar að nokkrum árum liðnum, t.d. við undirbúning á endurskoðun landskiplagsstefnu árið 2022 (miða við kosningar til Alþingis á árinu 2020).

Fjórðungssambandið telur síðan að skýra eigi nánar um í 7. gr frumvarpsins um afmörkun strandsvæðaskipulags þ.e. afmörkun til hafsins. Ekki nægi að hafa eingöngu þar sem segir í athugasemdum við 7. gr

*Ekki þótti þörf á því að skilgreina sérstaklega ytri mörk strandsvæða á haf út en gera má ráð fyrir að við mótun tillögu um heildarstefnu um skipulag haf- og strandsvæða verði litið til fyrrgreindrar afmörkunar á strandsjó eins og hún kemur fram í ákvæðum laga um stjórn vatnamála og laga um umhverfisábyrgð, þ.e. eina sjómílu utan grunnlínu landhelginna.*

Það verði að liggja skýrar fyrir væntanlegum svæðisráðum hvert sé viðmið fyrir umfang skipulagsins. Eins fyrir að sveitarfélög sem aðkomu að framkvæmd stefnumótunar um stjórn vatnamála. Að lokum leggur Fjórðungssambandið áherslu á að sveitarfélög stýra hafnarsvæðum sem geta náð víðar en nemur lögsögumörkum sveitarfélaga til hafsins.

#### *Flýting skipulagslagsvinnu - bráðabirgðaákvæði*

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvörðun um þau strandsvæði sem skuli skipuleggja, verði tekin með samþykkt tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu hverju sinni. Samkvæmt skipulagslögum, nr. 123/2010, leggur ráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í ljósi þess að kosningar til Alþingis voru haldnar 29. október 2016 má gera ráð fyrir að næsta tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu verði ekki lögð fram fyrr en í fyrsta lagi á haustþingi 2018.


Fjórðungssamband Vestfirðinga telur hér líði of langur tími þar til áhrif laganna öðlist fullt gildi, hér ítrekar Fjórðungssambandið þá hröðu þróun sem á sér stað um nýtingu strandsvæðisins. Fjórðungssambandið leggur því til að sett verði bráðabirgðaákvæði í frumvarpið sem feli í sér að strandsvæðisskipulag skuli strax gert á tilteknu afmörkuðu svæði sem brýnt þykir að skipuleggja og að ráðherra skuli við gildistöku laganna skipa svæðisráð sem bæri ábyrgð á því að svæðið yrði skipulagt. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að brýnast sé í þeim efnum að skipuleggja strandsvæði við Vestfirði, m.a. sökum þess að þar sé mikil eftirspurn eftir svæðum fyrir fiskeldi og að vestfirsk sveitarfélög hafa haft framkvæði og leitt umræðu í málaflokknum.

#### *Kostnaður vegna gerðar strandsvæðisskipulags*

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að kostnaður við gerð skipulagsins verði alfarið greiddur að hálfu ríkisins. Taka megí til skoðunar aðkomu Skipulagssjóðs að hluta, en sjóðurinn er fjármagnaður með innheimtu skipulagsgjalds af mannvirkjum. Til framtíðar litið mætti koma til móts við útgjöld Skipulagssjóð vegna fyrirhugaðar skipulagsvinnu, með því að tekið verði síðar meir skipulagsgjald af mannvirkjum í strandsvæðinu. Eða að lagt verði gjald á rekstraraðila sem eru með reglubundna starfsemi á því svæði til að standa straum af kostnaði vegna gerðar strandsvæðisskipulags. Fjórðungssamband mælir síðan með að lagt verði mat á kostnað við gerð strandsvæðaskipulags við lokagerð frumvarpsins.

Ísafirði 9. desember 2016

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.